

Fimmtudaginn 4. október 1984.

Nr. 209/1982. **Árni Jóhannesson**
(Barði Friðriksson, hrl.)

gegn

Guðmundi Helgasyni
(Gunnar Sæmundsson hdl.)

Kaupgjald. Réttur til launa í slysaforföllum samkv. 5. gr. laga nr. 19/1979.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s.m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki verður talið, að til frádráttar launakröfu stefnda í máli þessu eigi að koma þær launagreiðslur, sem hann fékk frá Reykjavíkurborg, meðan hann var óvinnufær vegna slyss þess, er í málinu greinir.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 14.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni Jóhannesson, greiði stefnda, Guðmundi Helgasyni, 14.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1982.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Guðmundi Helgasynti, nnr. 3073-3010, Ásgarði 131, Reykjavík, gegn Árna Jóhannessynti, nnr. 0522-8085, Raufarseli 9, Reykjavík, með stefnu, birtri 25. ágúst 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu launa í slysatilfelli að fjárhæð kr. 24.348.65 með 42% ársvöxtum frá 18. maí 1981 til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi, sem hafði að aðalstarfi starf við pípulagnir hjá stefnda, gegndi sem aukastarfi baðvörslu í íþróttahúsi Réttarholtsskóla þrjú kvöld í viku frá kl. 18.00—23.00. Aðfararnótt 17. febrúar 1981 geisaði ofviðri í Reykjavík. Stefnandi var á leið heim til sín að loknu starfi sínu við baðvörslu að kvöldi 16. febrúar 1981 og var að koma að heimili sínu, er afarhväss vindhviða hóf hann á loft og feykti honum spölkorn. Stefnandi kom harkalega niður og mjaðmargrindarbrotnaði.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að er atvik þetta gerðist, hafi hann starfað hjá stefnda í meira en 5 ár, sem var aðalstarf hans. Hafi hann því áunnið sér rétt til launagreiðslu í slysatilfellum samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979, þ.e. hann skyldi einskis í missa í launum fyrsta mánuðinn og síðan fá greidd dagvinnulaun í tvo mánuði til viðbótar. Í samræmi við það hafi stefnandi krafist stefnda um greiðslu launa fyrir þrjá mánuði að fjárhæð kr. 24.348.65, enda hafi stefnandi enn verið óvinnufær af völdum slyssins að því tímabili loknu. Stefndi hafi á hinn bóginn mótmælt greiðsluskyldu sinni og því sé mál þetta höfðað.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

Laun 17.2.—28.2. 1981:

72 klst. dagvinna á kr. 43.16	kr. 3.107.52
9 klst. yfirvinna á kr. 54.22	— 487.98

Laun 1.3.—16.3. 1981:

88 klst. dagvinna á kr. 45.73	—	4.024.24
11 klst. yfirvinna á kr. 57.45	—	631.95

Laun 17.3.—16.5. 1981:

352 klst. dagvinna á kr. 45.73	—	16.096.96
		kr. 24.348.65

Launafjárhæð á tímabilinu 17.2.—28.2. '81 sé raunverulegt tímakaup stefnanda mánuðina janúar og febrúar 1981, en frá 1. mars þ.á. sé það hækkað til samræmis við þær verðbætur, sem þá tóku gildi. Stefnandi kveður fasta yfirvinnu sína hafa verið 5 klst. á viku og sé krafist yfirvinnulaun í samræmi við það.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að eina ástæðan fyrir ferðum stefnanda umrætt óhappakvöld hafi verið aukavinna hans gegn fullu kaupi, að sjálfsögðu í þágu annars vinnuveitanda, og hafi hann verið á heimleið frá þeirri vinnu, er hann fauk og slasaðist.

Sú grundvallarregla gildi í þessu efni, að stefnanda sé rétt að beina kröfum sínum að þeim vinnuveitanda, sem hann hafi unnið fyrir umrætt kvöld, Reykjavíkurborg, þ.e. ef hann byggi rétt á annað borð á lögum nr. 19/1979. Þessa reglu megi leiða beint af 4. gr. þeirra laga. Stefnanda sé rétt að beina kröfum sínum að Reykjavíkurborg, en ekki að stefnda. Það sé í fyllsta máta óeðlileg niðurstaða að leggja greiðslubyrði á einn atvinnuveitanda vegna slysa við launuð störf í þágu annars við allt annan atvinnurekstur.

Nokkuð örugglega megi gera ráð fyrir, að stefnandi hefði alls ekki verið á ferð um götu borgarinnar í slíku veðri á þessum tíma nema vegna tekjuöflunar sinnar, heldur haldið sig innan dýra eins og aðrir borgarar Reykjavíkur í fárviðri þessu, sem mun vera það mesta á áratuga bili.

Eðli málsins samkvæmt nái tryggingar stefnda ekki til vinnu í þágu annarra vinnuveitanda. Með hliðsjón af framangreindu sé augljóst, að túlka beri 5. gr. laga nr. 19/1979 þröngt í því tilviki, sem hér sé um að tefla, og sé 4. gr. laganna tæmandi þar um.

Tilgangur 5. gr. sé að tryggja launþegum rétt til launa í veikinda- og slysatilfellum. Greinin hafi raunar verið túlkuð það rúmt, að launþegi njóti réttar samkvæmt henni vegna óhappa í frítíma sínum, svo fremi að allar eðlilegrar aðgæslu sé gætt. Þess séu hins vegar ekki dæmi, að greinin sé túlkuð þannig, að hún tryggi launþega rétt úr hendi annars vinnuveitanda en þess, sem unnið er fyrir, þegar vinnuslys ber að höndum. Þetta sé í samræmi við túlkun Vinnuveitendasambands Íslands og hafi ekkert verkafélagsfélag eða sambönd þeirra mótmælt þeirri túlkun.

Sú fullyrðing stefnanda, að hann hafi unnið hjá stefnda í minnsta kosti 5 ár, sé ekki alls kostar rétt. Stefnandi hafi unnið til ársloka 1979 hjá firm-anu Jóhannes Kr. Árnason s/f, sem stefndi átti að háflu. Það firma hafi hætt störfum 1. janúar 1980 og frá þeim tíma hafi stefnandi starfað hjá stefnda. Mjög sé í efa dregið réttmæti réttindaskeytingar í þessu tilfelli.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að þar sem hér sé um að ræða slys við störf í þágu Reykjavíkurborgar, sem beri bótaábyrgð samkvæmt 4. gr. laga nr. 19/1979, beri að draga allar þær bætur, sem kunna að fást greiddar frá borginni, frá kröfunni á hendur stefnda, ef svo ólíklega færi, að hann yrði talinn bótaskyldur að einhverju leyti. Í því tilfelli séu þó engin rök til að leggja efnisdóm á málið, fyrr en reynt hafi á það, hvern rétt stefnandi eigi á hendur Reykjavíkurborg, og væri því sennilega rétt að vísa málinu frá að svo stöddu.

Eigi þótti ástæða til, að aðiljar kæmu fyrir dóm í máli þessu.

III.

Í máli þessu er um það deilt, hvort stefnandi, sem varð fyrir slysi í tengslum við aukavinnu sína í þágu þriðja aðilja, eigi lögbundin rétt til greiðslu launa í því slysatilfelli úr hendi stefnda, sem var aðalvinnuveitandi hans.

Í þessu efni reynir á túlkun og skýringu 4. og 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla, en lagaboð þessi eru svohljóðandi:

„4.gr. Allt verkafólk, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af henni, skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim taxa, sem viðkomandi tók laun eftir, enda sé unnið hjá aðila sem fæst við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein.

5.gr. Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfelld, skal er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd í einn mánuð.

Hafi slíkt starfsfólk verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfelld skal það, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda daglaunum sínum í einn mánuð, en í tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda.

Auk þeirra réttinda, sem fastráðið verkafólk nýtur skv. 1. og 2. mgr., skal það, er forföll stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, halda dagvinnulaunum í allt að þrjá mánuði eins og í 4. gr. segir.“

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, er það var lagt fram á Alþingi, segir, að það sé flutt í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu

laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103/1978.

Lögin voru því sett til þess að bæta að hluta áorðna kjaraskerðingu og fela því í sér ranverulegar kjarabætur launþegum til handa. Með greindum lögum nr. 19/1979 var m.a. verið að tryggja almennu verkafólki verulega rýmri rétt vegna veikindaforfalla og í slysatilfellum en það áður hafði, svo sem fram kemur í tilvitnuðum 4. og 5. gr. laganna. Með lagasetningu þessari voru felld niður eldri lög um sama efni nr. 16/1958.

Með 4. gr. laga nr. 19/1979 eru lögfest þau nýmæli, að öllu verkafólki, sem forfallast frá vinnu vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma, eru tryggð dagvinnulaun í allt að 3 mánuði án tillits til starfstíma. Í 5. gr. laganna, sem leysir af hólmi 4. gr. eldri laga, er kveðið á um rétt fastráðins verkafólks, sem unnið hefur í eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, til launa í veikinda- og slysatilfellum, og er þar fyrir mælt um verulega aukinn rétt frá því, sem áður var.

Við úrlausn máls þessa þykir verða við það að miða, að stefnandi, sem gegnt hafði aukastarfi sínu hjá Reykjavíkurborg um 10 ára skeið og aðalstarfi við vinnu hjá stefnda í meira en 5 ár, hafi gagnvart báðum vinnuveitendum sínum áunnið sér réttindi til launagreiðslna í slysatilfelli samkvæmt 5. gr. laga nr. 19/1979, enda virðist sem honum hafi verið greiddar slysa-bætur af Reykjavíkurborg í samræmi við það.

Þá kemur til athugunar það álitaefni, hvort réttur til slysabóta vegna vinnuslyss hjá einum vinnuveitanda útiloki bótarétt frá öðrum atvinnuveitanda vegna sama slyss. Í 1. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um forföll frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa án nánari skilgreiningar eða takmörkunar, og eigi er lagaákvæði þetta nánar skýrt eða takmarkað af öðrum ákvæðum laganna varðandi sjúkdóms- eða slysatilfelli. Í athugasemdum lagafrumvarpsins við áðurnefnda 5. gr. þess segir m. a. svo: „Allar þessar greiðslur skal atvinnurekandi inna af hendi, þótt veikindi séu óviðkomandi þeirri vinnu, sem launþeginn stundar, og þótt slys sé ekki í tengslum við vinnuna, svo fremi að ekki sé til að dreifa ásetningi eða gáleysi launþegans sjálfs.“

Í framsögu flutningsmanns lagafrumvarpsins á Alþingi, þáverandi félagsmálaráðherra, segir m.a., að til grundvallar ákvæðum 5. gr. liggi sú hugsun, að eðlilegt sé að launa tryggð við ákveðinn vinnustað með auknum starfsréttindum. Réttur verkafólks til þessara greiðslna sé einungis háður fastráðningu um tiltekið árabíl. Hins vegar skipti ekki máli, hver sé orsök veikindanna eða hvar launþegi hafi orðið fyrir slysi.

Sé litið til þessa svo og þess, sem að framan er rakið, tilurðar laganna nr. 19/1979 og þeirrar staðreyndar, að þau eru hluti af launakjörum verkafólks, verður ekki talið, að réttindi, sem launþegi hefur áunnið sér samkvæmt þeim, skuli falla niður, þótt um sé að ræða vinnuslys hjá öðrum

aðilja en þeim, sem launþegi er aðallega ráðinn hjá. Orðalag fyrrnefndrar 5. gr. laganna og þau lagasjónarmið, sem að baki búa, styðja þá niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt til slysabóta úr hendi stefnda samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979 vegna slyss þess, sem hér um ræðir, enda var hann óvinnufær í meira en þrjá mánuði af þeim sökum, svo sem framlögð læknisvottorð bera með sér. Ekki verður talið, að aðiljabreyting á firma stefnda, sem stefnandi vann hjá, eigi að skerða áunninn rétt hans í þessu efni. Ber því að fallast á kröfu stefnanda um rétt til launa í greindu slysatilfalli.

Ekki verður talið, að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt gáleysi, er hann fór fótgangandi áleiðis heim til sín og í því veðri, sem geisaði tiltekið sinn, að áhrif skuli hafa á bótakröfu hans til lækunar, eins og atvikum máls þessa er háttað.

Þá verður ekki talið, að frá bótakröfu stefnanda beri að draga þær greiðslur, sem hann hefur fengið frá Reykjavíkurborg vegna slyss þessa, enda er þar og um að ræða launaréttindi, sem stefnandi hefur áunnið sér vegna þess starfs.

Ekki verður heldur talið, að til frádráttar bótagreiðslu skuli koma sjúkra-
styrkur sá, sem stefnandi fékk úr sjúkrasjóði Sveinafélags pípulagningar-
manna vegna slyssins, enda er þar um að ræða sjálfstæðan rétt stefnanda
sem félagsmanns í greindu sveinafélagi til styrkveitingar umfram lögboðnar
kaupgreiðslur.

Þá verður og ekki talið, að dagpeningagreiðslur þær, sem stefnandi fékk frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, skuli koma til frádráttar bótagreiðslu stefnda, þar sem þær vörðuðu einungis starf stefnanda hjá Reykjavíkurborg.

Samkvæmt framansögðu ber að taka dómkröfur stefnanda, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, að fullu til greina, en þó þannig varðandi vaxtakröfu, að dæma ber 37% ársvexti af stefnufjárhæð frá 1. júní 1981 til birtingardags stefnu, 25. ágúst 1981.

Samkvæmt þessu og kröfugerð stefnanda verða vextir því ákveðnir þannig: Af kr. 24.348.65 með 42% ársvöxtum frá 18. maí 1981 til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 25. ágúst 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 7.000.-.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Árni Jóhannesson, greiði stefnanda, Guðmundi Helgasyni, kr. 24.348.65 með 42% ársvöxtum frá 18. maí 1981 til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 25. ágúst s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 28. júní 1982, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr. 132/1984. **Lilja Kristjánsdóttir**

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

Kærumál. Dómkröfur. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 19. júní 1984, sem barst Hæstarétti 17. júlí sl. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á kröfulið þann, sem vísað var frá dómi. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómari mun taka afstöðu til málsástæðna og lagaraka sóknaraðilja, er lagður verður dómur á lögmæti skattlagningar þeirrar, sem fjallað er um í málinu, og kröfu sóknaraðilja um endurheimtu ætlaðra ofgreiddra skattgjalda. Verða málsástæður og lagarök sóknaraðilja ekki gerð að sjálfstæðum lið í dómkröfum hans.

Verður því niðurstaða hins kærða frávísunardóms staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.